

## Skráning í GV-upplýsingakerfi Seðlabanka Íslands

Milligönguaðilum um gjaldeyrisviðskipti og öðrum þeim sem veitt hefur verið takmarkað leyfi til gjaldeyrisviðskipta er gert að skrá sín gjaldeyrisviðskipti og senda til Reiknistofu bankanna (RB). RB sér síðan um að framsenda þessar upplýsingar áfram til tölvudeildar Seðlabanka Íslands (SÍ). Aðrir milligönguaðilar um gjaldeyrisviðskipti sem ekki eru aðilar að RB skulu senda upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti til Seðlabanka Íslands á tölvutæku formi í samræmi við nánari fyrirmæli SÍ. Mikilvægt er að til skráningar gjaldeyrisviðskipta sé vandað og að milligönguaðilar leiðrétti færslur sínar í samræmi við þær athugasemdir sem fram koma á daglegum villulista frá RB. Það sama á við um þær athugasemdir sem fram koma á mánaðarlegum villulista frá SÍ til þeirra milligönguaðila sem ekki eru aðilar að RB.

Lýsing á tölvuskráningu gjaldeyrisviðskipta banka og annarra aðila sem leyfi hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og verslunar með erlendan gjaldeyri.

	<i>Inntök</i>	<i>Stafir</i>	<i>Kótar og skýringar</i>
a)	<b>Banki</b>	4	<i>Númer stofnunar skv. ákvörðun Seðlabankans:</i> 0001-2500 (Innlánsstofnanir skv. númerakerfi RB).
b)	<b>Kennitala</b>	10	<i>Kennitala mótaðila gjaldeyrisviðskipta:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Innlendir aðilar skv. þjóðskrá Hagstofu Íslands.</li> <li>• Erlendir aðilar skv. sérstakri utangarðsskrá Hagstofunnar eða föst kennitala = 111111-1119.</li> </ul> <i>[Ekki er nauðsynlegt að skrá kennitölu mótaðila við afgreiðslu seðla og ferðatékka undir 700 þúsund krónum].</i>
c)	<b>Kaup/sala</b>	1	<i>Gjaldeyriskaup eða sala stofnunar: 0 eða 1</i> 0 = Gjalddeyriskaup eða yfurfærsla frá útlöndum. 1 = Gjalddeyrissala eða yfurfærsla til útlanda.
d)	<b>Form</b>	1	<i>Greiðslumiðlun: 0 – 6</i> 1 = seðlar og mynt. 2 = ferðatékkar og IMO. 3 = almennir tékkar. 4 = símgreiðslur (swift, síma- eða bréflegar greiðslur). 5 = millifærslur (þ.m.t. IG-færslur fyrir ISK). 6 = annað án greiðslumiðlunar.
e)	<b>Tölulykill</b>	3	<i>Tílefni gjaldeyrisviðskipta: 010 – 999</i> Flokkunarlyklar Seðlabankans (sjá 5.0 í handbókinni).
f)	[Land]	2	<i>[Ónotað]</i> (var áður Landakóti skv. ISO-staðli).
g)	<b>Mynt</b>	3	<i>Myntkóti skv. ISO-staðli: 3 bókstafir: USD, GBP o.s.frv.</i> Flokkunarlyklar mynta (sjá 8.0 í handbókinni).
h)	<b>ERL</b>	13	<i>Fjárhæð í erlendri mynt</i> [íslenskar krónur vegna inn/útborgunar á/af ISK reikninga erlendra aðila].

i)	<b>ISK</b>	13	<i>Fjárhæð í íslenskum krónum (reiknað á viðskiptagengi).</i>
j)	<b>Tegund</b>	2	<i>Merking á reikningsfærslum, annars eyða: 21 = IG-reikningar innlendra aðila. 31 = Gjaldeyrisreikningar erlendra aðila. 32 = ISK-reikningar erlendra aðila.</i>
k)	<b>Dagsetning</b>	6	<i>Dagsetning gjaldeyrisviðskipta: (dagur/mán./ár).</i>
l)	<b>Útibú</b>	4	<i>Númer útibúa stofnana (sbr. númerakerfi RB).</i>
m)	<b>Deild</b>	2	<i>Val um nánari flokkun stofnana.</i>
n)	<b>Bakfært</b>	1	<i>Leiðrétting og bakfærslur gjaldeyrisviðskipta: 1 eða 9. 1 = bakfærslur (endurtaka og merkja ranga færslu í GV). 9 = leiðréttingarfærslur (merkja nýja leiðréttu færslu).</i>
o)	<b>[Gjalddagi]</b>	6	<i>[Ónotað] (var áður gjalddagi framvirks samnings)</i>

### **Villuleit og leiðrétting á skráningu í GV-kerfi.**

Villuleit fer fram við móttöku gagna í GV-kerfið hjá Reiknistofu bankanna (RB) og/eða Seðlabanka Íslands. Rangar færslur komast ekki inn í GV-kerfið en fara á villulista nr. 653 hjá RB, sem sendur er daglega til viðkomandi stofnunar. Röng færsla (villa er undirstrikuð) ber að leiðrétta og senda aftur “ómerkta” til baka til RB.

Ef leiðrétt þarf færslu sem komist hefur inn í GV-kerfið ber að endurtaka “ranga” færslu og merkja með bakfærslumerki = 1, (sbr. n-lið í inntaksskrá). Leiðrétt færsla er merkt (9) og hvoru tveggja sent til RB. Athuga að dagsetning á “leiðréttri” færslu skal vera viðskiptadagur en ekki þegar leiðrétting fer fram.